



Dagskrá menningarviku 2009

Menning er mannsins gaman



Menningarvika í Grindavík frá 21. – 28. mars

Í lok mars verða menningardagar hjá okkur hér í Grindavík. Grindavíkurbær stendur fyrir skipulagðri menningardagskrá sem ætlað er að höfða og ná til sem flestra aldurshópa hér í bæ. Góður hópur fólks hefur lagst á eitt um að galdra fram fjölbreytta og spennandi viðburði og uppákomur sem fram fara dagana 21. -28.mars.

Helsta keppikefli skipuleggjenda er að virkja Grindvíkinga til sköpunar og þátttöku á menningardögum og að samfélagið allt leggi sitt af mörkum til að sýna og sanna að

hér í bæ býr áhugavert, skapandi og virkt fólk, fólk sem ræktar með sér hæfileika sína og áhugasvið og hefur fundið þeim farveg. Ég skora á bæjarbúa að kynna sér efni þessarar menningarveislu og mæta á sem flesta viðburði með það að leiðarljósi að maður er mannsins gaman í lífsins ólgusjó! Stefnt er að því að menningardagarnir okkar verði gerðir að árlegum viðburði.



Rósa Signý Baldursdóttir
Formaður

Menningar- og bókasafnsnefndar.

Dagskrá menningarviku

Laugardagur 21. mars

Kl. 10:30 – Laugardagsgangan.

Genginn góður hringur (ca. klukkustund) frá sundlauginni og endað í Kvennó þar sem í boði verður kaffisopi og stiginn léttur dans. Krakkar frá Dansskóla Hörpu sýna. Allir velkomnir.



Kl. 14:00 – Formleg opnun menningarviku í Saltfisksetrinu.

Ávarp bæjarstjóra og formanns menningar- og bókasafnsnefndar. Tónlistaratriði – Bakkalábandið leikur og syngur.

Opnun samsýningar grindvískra frístundamálara.

Opnun handverkssýningar eldri borgara og handverksfólks.



Kl. 15:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 20:00 – Draugagangur í Kvennó:

GRAL býður upp á draugasögur og draugagang í Kvennó.



Kl. 22:00 – Salthúsið:

Tónleikar Jeff Who og dansleikur á eftir.

Sunnudagur 22. mars

Kl. 14:00 – Eldfjöll og hraunhellar.

Fræðsluerindi í Flagghúsinu.

Eldfjallagarður, framtíðarsýn: Ásta Þorleifsdóttir, jarðfræðingur.

Grindvískir hellar, fyrirlestur og myndasýningar: Ómar Smári Ármannsson FERLIs félagi.

Jarðfræði Reykjaness, fyrirlestur og myndasýningar: Kristján Sæmundsson jarðfræðingur.

Kl. 14:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 17:00 – Brúðuleikhús í Kvennó.

Mjallhvít og dvergarnir sjö. Hér er á ferðinni sagan sígilda um Mjallhvít og dvergana sjö eins og við þekkjum hana flest en í sýningunni leiðir sögukonan börnin

í gegnum hana á nokkuð óvenjulegan hátt, nefnilega með töfrabrogdum, myndskygnum, brúðum, grímum og söng. Það er Helga Arnalds sem er hér í hlutverki sögukonunnar sem hefur um árabíl ferðast milli skóla og leikskóla í landinu og sagt börnum sögur og ævintýr. Sýningar hennar og Leikhússins 10 fingur hafa vakið aðdáun fyrir framúrskarandi listrænt handbragð og hugvitssemi í leikbrúðulist.

„Sýningin er afar falleg á að líta...Ekkert hik eða fum er á þessari færur brúðuleikkonu sem hlýtur að teljast í hópi þeirra bestu á þessu sviði hérlendis - og þótt víða væri leitað“.

Soffía Auður Birgisdóttir – Morgunblaðinu.



Kl. 20:00 – Kaldalónskvöld. Flagghúsið.

„Læknirinn í Grindavík“ – æviágrip. Gunnlaugur Jónsson, dóttursonur Sigvalda flytur.

Kór Tónlistarskóla Grindavíkur. Stjórnandi: Rósalind Gísladóttir. Undirleikari: Frank Herlufsen.

Einleikur á píanó: Unnur Guðmundsdóttir.

Valdimar Jóhannsson barítón söngvari. Undirleikari: Tómas Guðni Eggertsson.



Kl. 20:00 – Kaffihúsakvöld í Slysó.

Órafmögnuð tónlistaratriði. Hæfileikar unga fólksins fá að njóta sín. Meðal flytjenda eru Gígja Eyjólfsdóttir, Stefanía Margeirsdóttir, Agnes Björk Andradóttir, Óskar Kristinn Vignisson og Jón Ágúst Eyjólfsson. Veitingasala til styrktar Slysavarnarfélaginu Þórkötlum.

Mánudagur 23. mars

Kl. 08:00 – Pottaspjall.

Gunnar Már Gunnarsson bæjarfulltrúi mætir í heitu pottana í Sundlaug Grindavíkur og spjallar við gesti um málefni líðandi stundar.

Kl. 10:00 – Opnun ljósmyndasýningar leikskólabarna.

Frá Heilsuleikskólanum Króki: Hvert fer ruslið mitt? Frá leikskólanum Laut: Bærinn minn Grindavík. Myndirnar verða til sýnis í verslunarmiðstöðinni. Á leikskólunum verða uppi myndir frá starfi leikskólanna.



Kl. 13:00 – Opnun ljóðasýningar grunnskólabarna í 5. bekk.

Sýningin verður í Sundlaug Grindavíkur.

Kl. 13:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 14:30 – Upplestur í Víðihlíð.

Nemendur úr 7. bekk grunnskólans lesa upp ljóð og sögur.

Kl. 20:00 – Fjöltefli í Grunnskólanum.

Þróstur Þórhallsson stórmeistari í skák mætir og teflir fjöltefli við Grindvíkinga. Þeir/þau sem eiga tafl og skáklukku mega mæta með það. Mætið tímanlega.

Þriðjudagur 24. mars

Kl. 08:00 – Pottaspjall.

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir bæjarstjóri mætir í heitu pottana í Sundlaug Grindavíkur og spjallar við gesti um málefni líðandi stundar.

Kl. 13:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 14:30 – Tónleikar.

Friðarliljurnar frá Rauða krossinum í Grindavík verða með tónleika í Víðihlíð. Allir velkomnir.

Kl. 16:30 – Ýkt kominn yfir þig.

Frumkýning á leikriti grunnskólans. (Nemendasýning). Leikritið **Ýkt kominn yfir þig** fjallar um foringja í stelpu- og strákagengjum sem eru kærustupar. Foringinn í stelpugenginu segir öllum stelpunum í sínu gengi að hætta með kærustunum sínum vegna þess að þær stefna á það að verða frægar.

Strákarnir í strákagenginu voru ekki sáttir við þetta og ákveða að hefna sín á stelpunum og í kjölfarið hefst ótrúleg atburðarrás.

Leikstjóri er Víðir Guð-

mundsson og með helstu hlut-

verk fara; Telma Sif Reynisdóttir, Kjartan Helgi Steinþórsson,

Róshildur Björnsdóttir, Bjarni Þórarinn Hallfreðsson, Sara

Hrund Helgadóttir, Einar Ómar Eyjólfsson, Hanna Dís Gestsdóttir og Axel Þór Bergmann.



Kl. 20:00 – Árshátíð grunnskólans.

Hljómsveitin Á móti sól leikur fyrir dansi.

Kl. 20:00 – Þrjónakaffi í Flagghúsinu.

„Lærið að þrjóna,“ Erla Eggertsdóttir kynnir bókina.

„Garn á þrjónana,“ Linda í Palómu.



Miðvikudagur 25. mars

Kl. 08:00 – Pottaspjall.

Petrína Baldursdóttir bæjarfulltrúi mætir í heitu pottana og spjallar við gesti um málefni líðandi stundar.

Kl. 13:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 20:00 – Leikrit grunnskólans, Ýkt kominn yfir þig.

Bæjarsýning.

Kl. 20:00 – Iðunn Svarta – Niðri í skúrum í Flagghúsinu.

„Ingvar“ saga úr Grindavík, flytjandi Aðalgeir Jóhannsson.

„Niðri í skúrum“: Ólafur R. Sigurðsson segir frá Grindavík síðustu aldar.

„Grindavíkursaga 14.mars 1926“: Aðalgeir Jóhannsson flytur og mætir með gítarinn.

„Óvæntar upptakomur“: Tónlist, söngur og kveðskapur.

Fimmtudagur 26. mars

Kl. 08:00 – Pottaspjall.

Björn Haraldsson bæjarfulltrúi mætir í heitu pottana og spjallar við gesti um málefni líðandi stundar.

Kl. 13:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 20:00 Leikrit grunnskólans, Ýkt kominn yfir þig.

Bæjarsýning.

Föstudagur 27. mars

Kl. 08:00 – Pottaspjall.

Sigmar Eðvarðsson bæjarfulltrúi mætir í heitu pottana og spjallar við gesti um málefni líðandi stundar.





Kl. 10:00 – 12:00 Prjónakaffi í Aðal-Braut.

Kaffi og sérbökuð vínarbrauð á tilboði.

Kl. 13:00 – 18:00 Listastofa Helgu.

Opin vinnustofa að Vörðusundi 1. Upplifið myndlistarfólk við vinnu sína.

Kl. 20:00 – Kútmagakvöld Lions í Lava sal Bláa Lónsins.

Veislustjóri Árni Johnsen.

Kl. 20:00 – Kvinnakvöld körfuknattleiksdeildar UMFG í Salthúsinu. Freyr Eyjólfsson skemmtir og hljómsveitin Geimfararnir leikur fyrir dansi.

Kl. 20:30 – Tónleikar unglingshljómsveita í Kvennó.

Grindvískar unglingshljómsveitir stíga á svið.



Laugardagur 28. mars

Kl. 11:00 – Vígsla á fjölnota íþróttahúsi.

Fulltrúar frá knattspyrnu-deild UMFG, Golfklúbbi Grindavíkur og Stangaveiðifélagi Grindavíkur sýna og kynna möguleika hússins til iðkunar þessara íþróttar. Leikir og þrautabrautir fyrir alla aldurshópa.



Kl. 14:00 – Guðbergur Bergsson og Einar Már í Kvennó.

Guðbergur Bergsson, rithöfundur og heiðursborgari Grindavíkur, flytur erindi og Einar Már Guðmundsson, rithöfundur, fjallar um nokkrar bækur Guðbergs. Tónlistarfólk mun einnig gleðja gesti með hljóðfæraleik. Komið og léttíð lund, því gamansemi þessara tveggja rithöfunda er rómuð víða. Kvenfélag Grindavíkur verður með kaffisölu að lokinni dagskrá.



Kl. 17:00 – Tónleikar í kirkjunni.

Trompetleikarinn Íris Kramer og harmónikuleikarinn Hrólfur Vagnsson spila í þessu litríka prógrammi lög og verk eftir Piazzolla, Gillespie, Chick Corea, Nordheim sem og eigin lög og spuna. Tónlistarmennirnir leika tónlist ólíkra stíltegunda og frá ólíkum tíma og láta áheyrendum eftir að upplifa litadýrðina. (Formleg slit á menningarviku).



Útgefandi: Menningar- og bókasafnsnefnd Grindavíkur.

Ókeypis aðgangur er að flestum menningarviðburðum.

Eftirtaldir aðilar styrkja menningarlíf Grindvíkinga:



Njótum góðra stunda...

Annað

Lífið er saltfiskur. Þjóðháttakynning í Saltfisksetrinu.

Saltfiskmyndasýning, fræðsla um verkun þorsks, saltfisksmakk auk hinnar hefðbundnu saltfisksýningar í Saltfisksetrinu Hafnargötu 12a. Opíð alla daga frá kl. 11:00 – 18:00.



Félagið Matur-saga-menning, með Laufeyju Steingrímsdóttur næringarfræðingi og Sigurvin Gunnarssyni matreiðslumeistara, hefur í samvinnu við Saltfisksetrið staðið fyrir samkeppni um bestu saltfisksuppskriftirnar. Í menningarvikunni verða tilkynnt úrslit úr þessari samkeppni. Verðlaun veitt fyrir þrjár bestu uppskriftirnar.

Samsýning grindvískra frístundamála og handverkssýning

verður í Saltfisksetrinu alla daga á opnunartíma safnsins frá kl. 11:00 – 18:00.

„Undir súð í Flagghúsinu“ Listsýning með verkum Grindvíkinga opin menningarvikuna.

Flagghúsið er elsta hús Grindavíkur,

staðsett neðst á Víkurbrautinni, aðalgötu bæjarins, og eru einu minjar verslunar Einaris kaupmanns í Garðhúsum sem stofnsett var 1897. Flagghúsið er upphaf skipulagðrar byggðar í Grindavík og er jafnvel talið að Flagghúsið sé að stofni til frá 1777 og það sé eitt af húsum konungsverslunarinnar sem stóð í Stadarhverfinu en það hús var rifið og selt 1806, þá líklega eitt af elstu húsum á Íslandi. Flagghúsið var endurbyggt og í dag er það safnhús og aðsetur Eldfjallaferða auk þess sem ýmsar uppakomur, þorrrablót, veislur, ráðstefnur og fundir eru haldnir í Flagghúsinu. Þar er vinsælast „Prjónakaffi“ sem haldið er fyrsta miðvikudagskvöld í hverjum mánuði.



Aðal-Braut: Danskur hádegismatseðill alla virku dagana.

Ný vínarbrauð kynnt og danskt birkibrauð.

Ýmis tilboð í gangi í bakariinu.

Danskt smörrebröd föstudag, laugardag og sunnudag.

Viltu vinna þér inn allt í afmælisveisluna? Fyrir börn 10 ára og eldri. Komdu með heimatilbúinn danskan fána litadann eða málaðann. Hann verður hengdur upp í Aðal-Braut og nafn barnsins fer í pott. Það barn sem á flottasta fánann fær í verðlaun allt í afmælisveisluna sína; s.s afmælisökku frá Myllunni, 20 stk pylsur og pylsubrauð, ís og sælgæti.

26. mars. Palóma og Bókabúð Grindavíkur Langur fimmtudagur, opíð til kl. 21:00. 20% afsláttur af öllum vörum. Óvæntar veitingar.

Fylgist með á www.grindavik.is

Grindavík... góður bær!